

Nd.

## 179. Frumvarp til laga

um hafnargerð á Suðureyri.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson.

### 1. gr.

Til hafnargerðar á Suðureyri við Súgandafjörð veitist úr rikissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 92000.00 — niutíu og tvö þúsund krónur —, gegn  $\frac{3}{5}$  úr hafnarsjóði Suðureyrarhrepps.

### 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 92000.00 — niutíu og tvö þúsund kr. — lán, er hafnarsjóður Suðureyrarhrepps kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð Suðureyrarhrepps, en þó aldrei meira en  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

### 3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er stunga, grjót eða mól og önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, er hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Suðureyrarhrepps. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Suðureyrarhrepps.

### 4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hreppsnefndar Suðureyrarhrepps og sýslunefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu.

### 5. gr.

Bryggjur og önnur mannvirki við höfnina má enginn gera nema í samráði við hafnarnefnd og með samþykki hreppsnefndar Suðureyrarhrepps. Hver sá, er gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við,

að engin hætta stafi af því. Brot gegn þessari grein varðar sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigenda.

6. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar er heimilt að innheimta þau gjöld, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Suðureyrarhöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald,
  - b. Vitagjald,
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó þær vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum og bátum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kaupþúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölul. 2. a, b og c.

11. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóv. ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa

fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar, og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hreppsnefnd lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikning.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20--1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Suðureyri við Súgandafjörð er í rauninni ein af beztu verstöðvum á Vesturlandi. Þaðan er sóttur sjór á öllum árstiðum og stutt að sækja fyrir vélbáta. En höfnin er ótrygg og hefir farið versnandi hin síðari ár í stórviðrum vegna grynninga. Sjávarútvegur er svo að segja eini atvinnuvegur þorpsbúa, því grasnyt er lítil vegna landleysis. Íbúatala þorpsins er um 340, en Suðureyrarhrepps alls um 430.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á síðasta ári látið gera áætlun um hafnargerð á Suðureyri og teikningu af hafnarmannvirkjum, og nam kostnaðaráætlun vitamála-skrifstofunnar 230 þús. krónum.

Nánar í framsögu.